



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hulduheimar

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	6
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	11
4	Innra mat Álfhóll 2024-2025	14
5	Umbótaáætlun 2025-2026.....	15
6	Innra mat Sólskinsbær 2024-2025.....	17
7	Umbótaáætlun 2025-2026.....	18
8	Innra mat Kardemommubær 2024-2025	20
9	Umbótaáætlun 2025 - 2026	21
10	Innra mat Sjónarhóll 2024-2025.....	24
11	Umbótaáætlun 2025-2026	25
12	12 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	28
13	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	29
14	Foreldrasamvinna.....	31
15	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	32
16	Fylgiskjöl	33





1 Greinargerð leikskólastjóra

Hver dagur í starfi leikskóla er ævintýri lýkast og hver dagur sem óskrifað blað í okkar sögu. Faglega starfið innan leikskólans er stöðugt í mótun þar sem við endurmetum og mótum okkar stefnu og starf. Þetta skólaár hefur heldur betur verið lærdómsríkt, krefjandi, áhugavert og skemmtilegt og einnig höfum við tekist á við ýmsar áskoranir. Hér á eftir verður stiklað á því helsta í grófum dráttum:

Flutningur í Húsaskóla ber þar efst í huga mínum þegar ég horfi til baka og þrautsegja starfsfólks, nemenda og foreldra er mér efst í huga. Þessi áskorun var stór þar sem þakka þurfti um mánaðarmótin september/október heilum leikskóla niður og flytja innbú hans og koma okkur fyrir í Húsaskóla. Þetta hefði aldrei tekist nema með þrautsegju og jákvæðni starfsfólksins sem ég á ekki nægilega stór og sterk lýsingarorð fyrir þakki á að slíkt hafi tekist á ekki lengri tíma en fáeinum dögum. Í þessu verkefni lögðu allir sitt af mörkum til að aðlagast nýjum aðstæðum og var okkur einkar vel tekið þann tíma sem við vorum í Húsaskóla. Samstaða og samvinna voru rýkjandi í þessari áskorun og sýndu allir mikla þrautseigju og aðlögunarhæfni. En mikið var nú gott að koma aftur heim í Hulduheima þar sem beið okkur nýtt gólfefni með hita í gólfum og miklu bjartara húsnæði.

En þessar framkvæmdir urðu að einhverju enn frekari ferðalagi sem við erum enn stödd í þar sem byrjað er að byggja við leikskólann til að mæta þörfum hverfisins og nærumhverfis. Um er að ræða viðbyggingu þar sem bætt verður við 32 leikskólaplássum.

Rétt fyrir páska var farið í að taka hljóðvist niður úr lofti aðalrýmis leikskólans þar sem slysaþætta var orðin af. Við áttum að vísu ekki von á því að vera án nokkurrar hljóðvistar í rúma þrjá mánuði en enn og aftur með þrautseigju og þolinmæði höfum við unnið með mjög svo slæm vinnuskilyrðum í þessa þrjá mánuði og enn og aftur skortir mig nægilega sterk lýsingarorð fyrir þakklæti mínu fyrir starfsfólk Hulduheima. Við bíðum því spennt eftir að koma aftur til starfa eftir sumarlokun því loforð er búið að gefa okkur um að vinna við uppsetningu hljóðvistar verði þá lokið. Í þessu ferli erum við heldur betur búin að sjá hversu góð hljóðvist er mikilvæg í okkar starfi.

Eftir breytingu í Aðalnámskrá leikskóla um sjálfsprottinn leik þá höfum við verið að ígrunda leik barnanna enn frekar. Leikur barna er ekki eingöngu mikilvægur þáttur í starfi okkar, hann er í senn helsta námsleið barnanna. Við höfum tamið okkur að leggja áherslu á að skapa umhverfi þar sem börnin geta bæði lært í gegnum leik sem og skapað. Leikurinn stuðlar að félagslegri, tilfinningalegri og vitsmunalegri þróun barna. Á skipulagsdögum hafa myndast þarfar, áhugaverðar og lærdómsríkar umræður út frá innleggi um leikinn (þar á meðal ærslaleikinn) og sköpun. Þessar umræður hafa leitt til nýrra hugmynda og sköpunar í starfi okkar. Við höfum einnig lagt áherslu á að hlusta á sjónarmið og reynslu starfsfólks og barna til að bæta starfsemi okkar enn frekar.

Danskennsla fór fram hjá okkur í apríl/maí þar sem Dagný danskennari kom með sýna gleði og kennslu inn til okkar. Með danskennslu hennar þá er hún ekki eingöngu að kenna börnum og starfsfólki að dansa hún hjálpar börnunum einnig að tjá sig í gegnum hreyfingu og tónlist.

Mikil veikindafjarvera starfsfólks hefur verið ansi stór áskorun okkar í Hulduheimum þetta skólaárið og höfum við þurft að fara í faliðunarferli þar sem ekki var hægt að taka á móti öllum börnum leikskólans vegna fjarveru starfsfólks. Það er von mín sem leikskólastjóra að veikindafjarvera fari minnkandi hér og nú. Með starfi mínu sem leikskólastjóri er ég í senn að ljúka í vetur mastersnámi við Háskóla Íslands





Í Stjórnun menntastofnana og er að vinna í rannsókn um uppbyggingu á jákvæðri og heilsueflandi vinnustaðamenningu sem lokaverkefni.

Hæglæti er hugtak sem við ætlum að horfa til í leik og starfi og verður gaman að sjá hvort við sem starfsfólk leikskólans og börn getum tileinkað okkur hugtakið hér í Hulduheimum.

Það var ánægjulegt að rýna í niðurstöður foreldrakönnunar sem lögð var fyrir foreldra leikskólabarna í vetur þar sem við komum, einkar vel út. Það er því markmið okkar að halda því áfram að sinna okkar faglega starfi eins vel og gert hefur verið þannig að niðurstöður sýni áfram góðar niðurstöður.

Útskriftarferð elstu barna leikskólans í ár var eydd í einum að bestu dögum sumarsins í Vatnaskógi þar sem nemdendur og starfsfólk skemmtu sér konunglega og ég heppin að fá að njóta einnig þeirri gleði. Ógleymanlegur dagur og það voru þreyttir sólarkysstir nemendur og starfsfólk sem komu til baka eftir mjög svo vel heppnaða ferð í frábærri náttúruferlu.

Litlar breytingar hafa orðið í starfsmannahóp okkar og í dag starfar hjá okkur metnaðarfullt og áhugasamur starfsmannahópur í Hulduheimum sem ég tel vera ansi góð meðmæli fyrir okkur.

Að lokum langar mig að þakka mínu kæra starfsfólki, foreldrahópnum og frábæru nemendum okkur fyrir viðburðaríkt, skemmtilegt og lærdómsríkt skólaár og ómetanlegt samstarf.

Inga Birna Sigurðardóttir, leikskólastjóri Hulduheima







2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið? Starfsþróunarsamtöl	
Hvernig fór matið fram?	30 mínútna samtal sem hver starfsmaður fékk með leikskólastjóra. Farið var yfir líðan starfsfólks og markmið sem þeir vildu setja sér fyrir komandi skólaár.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður: Ekki náðist að klára öll starfsþróunarsamtöl og eru þrjú sem þurfa að fara fram síðar. Ástæða er mikil veikindafjarvist á skólaárinu. Flestir starfsmenn tala um að starfsandinn á vinnustað sé góður og að hann sé á uppleið. Almennt er líðan starfsfólk góð sem og starfsánægja. Samvinna og samstarf innan deilda sem og við stjórnendur er almennt gott. Skemmtilegt var að skoða þau markmið sem starfsmenn settu sér í starfi fyrir komandi skólaár. Kom fram til dæmis að auka við þekkingu, nýta undirbúningstíma betur, vera meiri Reggio, byggja ofan á góðan starfsanda, virkja starfsfólk meira, auka frumkvæði starfsfólks, halda áfram að halda í jákvæðnina, koma sér betur inn í sérkennsluteymið. Tækifæri til umbóta: Byrja á starfsþróunarsamtölum fyrr, febrúar/mars. Hætta að hlaupa á eftir starfsfólki ef viðtal dettur niður, starfsfólk þarf að óska eftir nýju tíma í viðtal.

Innra mat

Hvað var metið? Innra mat barnanna	
Hvernig fór matið fram?	Elstu börn leikskólans tóku þátt í mati af og til út skólaárið. Þau komu eitt og eitt og svöruðu spurningum





	(broskarlar) hjá leikskólastjóra um hvernig þeim fannst í: verkefnavinnu, frjálsum leik, matsal, listasmiðju, samverustund, útiveru, söngstund og holókubbum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Elstu börn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Verkefnavinna: Almennnt voru börnin ánægð með verkefnavinnu og fannst það skemmtilegt, en tveim börnum sem fannst slík vinna mjög erfið. Tækifæri til umbóta: Mæta hverju barni þar sem það er statt. Frjáls leikur: Börnunum finnst mjög skemmtilegt að leika í frjálsum leik en einu barni finnst leiðinlegt að leika sér nema í Moana leik. Tækifæri til umbóta: Gefa börnum tíma og rými fyrir frjálsan leik og vera þátttakendur í leik þeirra. Matsalur: Ánægja með matsalinn hjá börnunum en einu sem fannst stundum erfitt þegar það er vondur matur. Tækifæri til umbóta: Erum með Skólamat, ekki mikil tækifæri til að hafa áhrif á matseðil þeirra. Listasmiðja: Allir sáttnir með listasmiðjuna og börnunum finnst skemmtilegt að eyða tíma þar. Tækifæri til umbóta: Listasmiðja var endurgerð í haust og hefur greinilega skilað sýnu. Samverustundir: Börnunum finnst almennt skemmtilegt í samverustund þrátt fyrir að einhverjum finnist erfitt „að sitja bara og hlusta á kennara“ og þegar „kennari öskrar og er reiður“. Tækifæri til umbóta: Skipta barnahópnum niður þannig að samverustundir höfði til allra barnanna og að börnin upplifi að þau tilheyri. Útivera: Elstu börn leikskólans hafa verið mjög dugleg að vera í útiveru og skýn það í gegn í mati að þeim öllum finnst það mjög skemmtilegt. Einu barni finnst samt sem áður það erfitt þar sem það er „svo kalt úti“.





Tækifæri til umbóta: Útvera er stór hluti af leikskólastarfinu og því miður þó við svo sannarlega vildum geta haft frekari áhrif á veðurfarið þá er það ekki í okkar höndum. En viðhorf okkar til veðurfars getur haft áhrif.

Söngstund: Börnin tala um að það séu „of margir krakkar“, „leiðinlegt að syngja“, „erfitt“ og „of mikil læti“ í sameiginlegri söngstund á föstudögum.

Tækifæri til umbóta: Hafa söngstund einu sinni í mánuði, eða hafa hana tvískipta yngri og eldri deildir. Sólskinsbær og Sjónaról saman og Álfhóll og Kardemommubær saman.

Holókubbar: Öll börnin töluðum um að það væri skemmtilegt í holó.

Tækifæri til umbóta: Öll börnin voru sammála um það að holókubbasvæðið væri skemmtilegt.

Jólaball: Elstu börnin fá val um hvort að jólaball sé haldið úti eða inni. Í ár völdu þau að hafa skemmtunina úti.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að hlusta á raddir barnanna og að þau fái að taka þátt í ákvarðanatökum.

Útskrift: Elstu börn leikskólans fengu að hafa áhrif hvort að útskrift yrði úti eða inni og var valið að hún yrði úti.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að hlusta á raddir barnanna og að þau fái að taka þátt í ákvarðanatökum.





Innra mat

Hvað var metið? Þorra- og Góu samvera, foreldradagur	
Hvernig fór matið fram?	Könnun send til foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar/forráðamenn leikskólabarna
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Spurt var um upplifun foreldra/forráðamanna á tímasetningu Þorra- og Góusamveru. 88% fannst tímasetning góð. 12% fannst að samverann ætti að vera í nónhressingu í stað morgunhressingu. Almenn ánægja var með foreldradaginn og þátttöku foreldra.

Innra mat

Hvað var metið? Sumarlokun	
Hvernig fór matið fram?	Könnun til foreldra/forráðamanna
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar/forráðamenn og starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	71% valdi að sumarlokun yrði 9.júlí – 7.ágúst 29% valdi að sumarlokun yrði 16.júlí – 14.ágúst Ákveðið var út frá þessari könnun að sumarlokun verður 9.júlí til 7.ágúst.

Ytra mat

Hvað var metið? Starfsmannakönnun	
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á alla starfsmenn leikskólans
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Í heildina litið erum við að koma mjög vel út úr könnunni en hefðum viljað sjá betri þátttöku starfsfólks. Einungis 14 starfsmenn sem svöruðu.





	Stefnum á að hækka svarhlutfallið enn frekar og að starfsmaður komi með skriflega staðfestingu til leikskólastjóra með að hafa lokið könnuninni.
--	--

Ytra mat

Hvað var metið? Foreldrakönnun	
Hvernig fór matið fram?	Könnun sent í tölvupósti á eitt foreldri/forráðamann leikskólabarna.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldri/forráðamaður. 49 af 62 tóku þátt í könnuninni eða 79%.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Komum mjög vel út úr þessari könnun sem var afar ánægjulegt. Fengum ábendingu um lengri fyrirvara á ítrekun á ákveðnum dögum. Í opnum svörum var meðal annars komið á framfæri: - Ánægja með samskipti og undirbúning fyrir grunnskólagöngu barnanna. - Viðveru leikskólastjóra í starfi barnanna. - Ánægja með Barn vikunnar. - Auðvelt að leita til starfsfólks og stjórnanda. - Tekið vel á erfiðum málum. - Góður starfsandi og gott viðmót starfsfólks. Tækifæri til umbóta: Deildarstjórar sendi póst vikulega þar sem minnt er á ákveðna daga/viðburði sem eru á næsta leiti.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Farsæld og inngilding þar sem markmiðið er að tryggja börnum jöfn tækifæri til menntunar og velferðar, óháð bakgrunni eða aðstæðum. Læsi í víðum skilningi þar sem stuðlað er að því að efla læsi á öllum skólastigum. Stafræn umbreyting þar sem stuðlað er að því að nemendur verði virkir þátttakendur í stafrænu samfélagi. Starfsmannakönnun Reggio Emila Hljóðvist Lærdómssamfélag / Teymisvinna þar sem starfsfólki er kleift að ígrunda starf sitt, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og þannig sýna stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Til að svo takist til þarf allt starfsfólk leikskólans að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Læsi í víðum skilningi – unnið verður með málhljóðin úr Lubbi finnur málbein. Auka við hljóðkerfisvitund barnanna og um leið auðga orðaforða þeirra. Hlustað verður á lög viðkomandi stafs sem og heyrðar örsögur. Jafnframt verður stuðst við bókina Orð eru ævintýri sem MML gaf leikskólum og ákveðnum aldurshópum innan hvers leikskóla. Árangur sem stefnt er að: Að öll börn leikskólans auðgi orðaforða sinn og starfsfólk leikskólans komi fyrir auga á þau börn sem þurfa ás frekari aðstoð. Starfsmannakönnun: Að 80% þátttaka verði í svörun könnunarinnar, Stofnun ársins. Reggio Emilia: Halda áfram að horfa í það að leikskólinn starfar í anda Reggio Emilia





	Hljóðvist: Vera vakandi yfir hljóðvist í leikskólarýminu. Lærdómssamfélag/teymisvinna: Að starfsfólk vinni saman í teymum innan leikskólans, Læsisteymi, umhverfisteymi, opinn efniviður, heilsuteymi og matsteymi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Læsi í víðum skilningi – deildar setja niður hvernig þær ætla að framkvæma dýpkun á Lubba og vinna frekar með Orð eru ævintýri með læsisstefnu leikskólans til hliðsjónar. Starfsmannakönnun: Starfsmaður undirritar að hann hafi lokið við að svara könnun hjá leikskólastjóra. Reggio Emilia: Að starfsfólk leikskólans tileinki sér hugmyndafræðina og starfi eftir henni. Losum okkur við efnivið sem ekki passar inn í hugmyndafræðina og bætum við efnivið sem passar frekar þar inn í. Hljóðvist: Skipta barnahópnum niður í smærri hópa, bæta hljóðvist í leikskólanum: fleiri mottur, nýjar loftplötur í loft. Lærdómssamfélag/teymisvinna: Að starfsfólk vinni að sameiginlegum markmiðum að efla eftirfarandi þætti í leikskólastarfinu: Læsisteymi, Umhverfisteymi, opinn efniviður, heilsuteymi og matsteymi.
Ábyrgð	Allir starfsmenn leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Læsi í víðum skilning – september 2025 og út skólaárið Starfsmannakönnun: febrúar/mars Reggio Emilia: Allt skólaárið Hljóðvist: Allt skólaárið Lærdómssamfélag/teymisvinna: Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Læsi í víðum skilningi: Mánaðarmatsblöð Starfsmannakönnun: Út frá niðurstöðum Reggio Emilia: Lærdómssamfélag og deildarfundum Hljóðvist: Út frá starfsmannakönnun Lærdómssamfélag/teymisvinna: Út frá hverjum fundi innan hvers teymis.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Farsæld og inngilding: Að öll börn fái sömu tækifæri innan leikskólans.





**stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði**

Læsi í víðum skilnngi: Með átaki og með sýnilegu ritmáli í leikskólanum.

Stafræn umbreyting: Að kynna fyrir börnum stafræna umbreytingu.

Starfsmannakönnun: Að starfsmaður kvitti fyrir að hafa lokið könnun og að svarhlutfall fari í 80% eða meira.

Reggio Emilia: Opinn efniviður aðgengi- og sýnilegur. Stýrð sköpun fari minnkandi sem og tilbúin leikefniviður.

Hljóðvist: Viljum að árangur verði meiri í starfsmannakönnun, Stofnun ársins, að ánægja með hljóðvist fari úr 2,21 niður í 2.

Lærdómssamfélag/teymisvinna: Að hvert teymi hittist fjórum sinnum yfir skólaárið.





4 Innra mat Álfhóll 2024-2025

Styrkleikar

Deildarfundir: Deildarfundir vetrarins voru vel skipulagðir og gagnlegir. Þeir voru meðal annars nýttir í að, undirbúa foreldravíðtöl, fara yfir niðurstöður þeirra, miðla upplýsingum til starfsfólks. Farið var yfir áherslupætti Náttúrlegrar kennslu og hvernig okkur gekk að tileinka okkur hana í að vinna með börnunum, fannst okkur þessar áherslur bera árangur t.d. með ákveðnum börnum? Farið var yfir áherslupætti í starfi deildar og leikskólans, það sem búið var að framkvæma og það sem var framundan í starfinu og hvar og hvernig best var að koma áherslupáttum í framkvæmd. Hvernig gekk það sem búið var að gera og hvað mætti betur fara. Gerðar voru uppeldislegar skráningar og farið yfir þær. Einstök börn rædd á hverjum fundi og farið yfir einstaklingsmarkmið er viðkom vinnu með þeim. Farið var yfir TMT tákn sem verið var að leggja áherslu á. Síðast en ekki síst líðan starfsfólks deildar og þá hvað hægt var að gera til að bæta líðan ef svo bar undir.

Málörvun/flæðilestur: Börnin fengu einstaklingsmiðaða gæðastund með kennara án utanaðkomandi truflunnar. Þau fengu óskipta athygli kennara og tækifæri til að tjá sig á sinn hátt. Áhugi barnanna á bókum

Tækifæri

Deildarfundir: Sjáum, finnum og vitum að deildarfundir eru mjög mikilvægir fyrir starfið á deildinni. Ætlum að vera enn ákveðnari í að deildarfundir séu haldnir hálfsmánaðarlega og leita eftir aðstoð til að svo megi verða t.d. hjá starfsfólki í sérkennslu, aðstoðarleikskólastjóra eða leikskólastjóra. Fundir verði haldnir þó að ekki séu allir starfsmenn viðkomandi deildar mættir til vinnu.

Málörvun/flæðilestur: Fara aftur til einfaldleikans, eins og við byrjuðum með flæðilesturinn. Hugmyndin er að gera fleiri starfsmenn ábyrga fyrir stundunum. Hver starfmaður sér um og ber ábyrgð á flæðilestrinum í einn mánuð og metur með deildarstóra á deildarfundi.





5 Umbótaáætlun 2025-2026

Deild/aldur barna	Álfhóll börn fd. 31.08 2024- 28.12 2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæðilestur: Taka skref til baka og einfalda.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla málþroska. Að hvert barn fái gæðalestur 3 sinnum í viku. Að barnið njóti þess að hlusta á sögu og fái tækifæri til að tjá sig. Að barn fylgi munnlegum fyrirmælum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tveimur til þremur börnum boðið inn í hreiður. Bók lesin fyrir barnahópinn og svo fyrir hvert barn.
Ábyrgð	Deildarstjóri, ábyrgðakennari hvers mánaðar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrja í september – október. Lokið í Júní 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið mánaðarlega á deildarfundi. Farið yfir blað þar sem merkt er við hvert barn sem fer í flæðilestur og hvaða bók var lesin.

Deild/aldur barna	Álfhóll börn fd. 31.08 2024- 28.12 2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Gæða leikstund fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Tvítyngi – fjöltýngi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla barnið/börnin í gagnvirkum samskiptum. Að börnin fái að njóta sín í leik með kennara, í íslensku málumhverfi, án utanaðkomandi truflunar.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tveimur til þremur börnum boðið inn í hreiður þar sem kennari leikur við börnin, leggur orð á hluti og athafnir. Endurtekur oft sömu orðin.
Ábyrgð	Deildarstjóri, ábyrgðakennari hvers mánaðar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrja í október. Lokið í maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið mánaðarlega á deildarfundi. Merkja við þegar barnið fer í gæðaleikstund. Hvernig gengur að fylgja þessu eftir? Sjáum við framfarir, reyna börnin að tjá sig.

Deild/aldur barna	Álfhóll börn fd. 31.08 2024- 28.12 2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Deildarfundir.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að deildarfundir verði hálfsmánaðarlega 50 mínútur í senn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fundir byrji 09:30 -10:30 Börnin séu inni ásamt kennurum. Möguleiki á að senda einhver börn út til eldri deilda.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September- júní skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundi í nóvember og aftur í febrúar. Skoða hvað gengur vel og hvað má betur fara.





6 Innra mat Sólskinsbær 2024-2025

Styrkleikar

Deildarfundir: Deildarfundir þennan vetur voru alltof sjaldan. Á þeim dögum sem ákveðið var upp með vantaði yfirleitt starfsfólk á deildina eða þá á hina deildina sem átti að sjá um börnin á meðan. Deildarfundir voru aðallega á skipulagsdögum.

Samverustundir: Þær gengu upp og ofan í vetur, höfðum því miður ekki tök á því að vera með tvískipta samveru alla daga en um leið og tækifæri gafst til þess þá urðu samverustundirnar gæðameiri. Farið var í fleiri leiki, lesið bækur og barn vikunnar unnið í samverustundum.

Sjálfsprottinn leikur: Gekk ágætlega en þar sem svona stórt rými eins og inni á deild hentaði illa þessum barnahóp þá urðum við að skipta hópnum reglulega upp. Einnig var efniviðurinn inni á deild orðinn frekar leiðigjarn þá leystist leikurinn oftast upp í hlaup og ærslaleiki. Fundum mikinn mun þegar byrjaði að vora og við fengum nýtt dót, hvað börnin gátu dundað sér lengi og leikurinn breyttist á ýmsa vegu.

Tækifæri

Deildarfundir: Þeir eru mjög mikilvægir fyrir starfið inni á deild svo öll skilaboð og umræður komist til skila til allra starfsmanna á deildinni. Leggjum upp með að hafa fundina hálfsmánaðarlega og leita aðstoðar hjá stjórnendum eða starfsfólki í sérkennslu. Einnig að fundir verði haldnir þó að ekki séu allir starfsmenn deildar mættir til vinnu.

Samverustundir: Ávallt að hafa samverustundir tvískiptar að morgni og prenta út myndir svo hvert barn hafi sitt sæti. Hafa fyrirfram ákveðin verkefni sem hægt er að grípa í svo samverustundin leysist ekki strax upp.

Sjálfsprottinn leikur: Það er mikill munur þegar kennarar eru til staðar á gólfinu og börnin geta leitað til þeirra ef þeim vantar. Vera dugleg að skipta út dóti og bjóða upp á ákveðið dót hverju sinni.





7 Umbótaáætlun 2025-2026

Deild/aldur barna	Sólskinsbær – börn fædd sept 2022 – júlí 2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Deildarfundir.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að fundirnir verði hálfsmánaðarlega 60 mínútur í senn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fundir séu frá 9:30 til 10:30. Börnin séu inni á deild á meðan. Mögulega hægt að senda nokkur börn út með eldri deildunum.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum í nóvember og aftur í febrúar. Skoða hvað gengur vel og hvað mætti betur fara.

Deild/aldur barna	Sólskinsbær – börn fædd sept 2022 - júlí 2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráningar.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fleiri skráningar í ferilmöppu yfir veturinn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Allir starfsmenn séu meðvitaðir um að það þarf að gera skráningar, taka myndir í sköpunarferlinu og að allir starfsmenn séu að sjá um að búa til skráningar.
Ábyrgð	Deildarstjóri/starfsmenn deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – júní. 2025-2026.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Nýta deildarfundir til þess að finna tækifæri til sköpunar sem nýtist í skráningar.
--	---

Deild/aldur barna	Sólskinsbær- börn fædd sept 2022 - júlí 2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund – „Lubbi finnur málbein“
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla læsi með því að vekja áhuga barnanna á bókstöfum og hljóðum þeirra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið með hvern staf í ákveðinn tíma samkvæmt áætlun. Unnið út frá hugmyndafræðinni „Lubbi finnur málbein“. Stafur lagður inn, hljóðið kennt og táknið fyrir stafinn. Lubballagið sungið, örsaga lesin og unnið með stafinn út frá sögunni. Einföld verkefni og sköpun unnin með hverjum staf.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September-maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið verður yfir aðferðirnar á deildarfundum, hvort að þessi vinna sé að skila sér markvisst til barnanna. Athuga hvort það sé hægt að bæta fleiri verkefnum við fyrir þennan aldurshóp.





8 Innra mat Kardemommubær 2024-2025

Styrkleikar

Málörvun/hljóðkerfisvitund; Nokkuð vel gekk að nýta spil og annað námsefni til að efla málþroska barna og hljóðkerfisvitund. Börnin voru áhugasöm og tóku þátt í að syngja, hlusta á bóklestur, fara með rímvísur og fleira. Einnig voru þau áhugasöm og virk að taka þátt í „Barni vikunnar“ sem m.a. leggur áherslu á frásagnir, ritmál, hreyfingu/dans og hljóðkerfisvitund.

Útinám gönguferðir; Að bjóða upp á útinám í september, október, mars, apríl og maí. Setja það upp sem ævintýraferð. Börnin nutu þess að fara í þær gönguferðir sem farið var í. Börnunum var skipt í tvo hópa og fór hver hópur í nokkrar ferðir á haustönn. Einng var farið u.þ.b. vikulega í gönguferðir í maí og fram að sumarfríi. Tvisvar var farið í Árbæjarsafn með strætó og heppnuðust þær ferðir vel. Mikið var tekið af myndum í ferðunum. Ein skráning var gerð að hausti og hún hengd upp á hurð deildarinnar. Í sumar voru myndir úr ferðunum settar inn í Völuna. Nafnið ævintýraferðir festust ekki við þessar ferðir en það var allt í lagi.

Rólegheit í matsal og góðir borðsiðir; Nokkuð vel tókst að stuðla að rólegheitum í matsalnum og góðum borðsiðum. Til þess þurftum við að breyta fyrirkomulaginu þannig að börnunum var skipt í fjóra hópa og sat einn starfsmaður hjá hverjum hóp í matartímanum frá október og fram að sumarlokun. Meiri ró skapaðist, auðveldara var að leiðbeina börnunum að nota hnífapör, hella í glasið sitt, smyrja brauðið og hvetja þau til að skammta sér minna og fá sér aftur ef þau vildu meira að borða. Ákveðið var að viðhalda þessu fyrirkomulagi og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

Tækifæri

Málörvun/Hljóðkerfisvitund; Að gera enn betur og leggja áherslu á læsi í víðum skilningi.

Útinám gönguferðir; Til að gera útinámið sýnilegra og geta skapað umræður um það þá þarf að bæta skráningar úr ferðum og hengja upp fyrir börn og foreldra. Það verður til þess að börnin segja foreldrum frá og umræður skapast um það sem þau eru að gera í leikskólanum. Vegna þess að þessi þáttur varð ekki að rauveruleika setjum við það inn sem umbótaþátt næsta árs.





9 Umbótaáætlun 2025 - 2026

Deild/aldur barna	Kardemommubær börn fædd frá júní 2021 – sept. 2022
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund – „Lubbi finnur málbein“
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla læsi með því að vekja áhuga barnanna á bókstöfum og hljóðum þeirra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið með hvern staf í ákveðinn tíma samkvæmt áætlun. Unnið út frá hugmyndafræðinni „Lubbi finnur málbein“. Stafur lagður inn, hljóðið kennt og táknið fyrir stafinn, Lubbalagið sungið og örsaga lesin og unnið með stafinn út frá sögunni. Einföld verkefni og sköpun unnin með hverjum staf. Það verður gott aðgengi að skriffærum og blöðum, stafakubbum og ýmsum efnivið sem börnin geta notað til orðmyndunar.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September-maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í lok vinnu með hvern staf er síðasta verkefni barnsins að fá nokkur orð/stafi með stafnum og það á að finna viðkomandi staf í orðunum. Rýnihópur (kennarar) fara yfir hvernig gengur, aðferðir, ferli og hvort börnin séu móttækileg og virk, rætt á deildarfundum. Tekið er tillit til tvítyngdra barna og ekki sömu kröfur gerðar á börn fædd 2021 þó þau fái sömu fræðslu og þjálfun.

Deild/aldur barna	Kardemommubær börn fædd frá júní 2021 – sept. 2022
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi í víðum skilningi/„Orð eru ævintýri“ í þemavinnu





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að vinna með verkefnið „Orð eru ævintýri“ í þemavinnu vetrarins.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þemavinnan skiptist í haustið - vináttan, jólin - veturinn vorið - húsdýrin. Bókin „Orð eru ævintýri“ og verkefnin verða notuð í þemavinnu. Veggspjöldin hengd upp og notuð til að tala um það þema sem er í gangi hverju sinni, bókin notuð til málörvunar og fræðslu og vinna þá með þær blaðsíður sem tengjast þemanu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rýnihópur (kennarar) ræða um á deildarfundi í lok þematímabils hvernig hafi gengið og ræða um hvort markmiði verkefnisins hafi verið náð. Var áhugi barnanna á viðfangsefninu og höfðaði það til barnanna hvernig það var sett fram.

Deild/aldur barna	Kardemommubær börn fædd frá júní 2021 – sept. 2022
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hæglæti í fataklefa
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa meiri ró og betri umgengni í fataklefanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fara með 5-6 börn í einu í fataklefan bæði þegar farið er út og inn. Gefa þeim meiri tíma og leiðbeina þeim með að ganga frá fötunum sínum og skónum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – ágúst 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á deildarfundum hvernig gengur og ef einhverjir einstaklingar eiga erfitt, hjálpast að til að finna ráð til að





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	hjálpa þeim. T.d. fara með þá með einn í einu og gefa þeim allan tímann sem þeir þurfa til að læra.
--	---

Deild/aldur barna	Kardemommubær börn fædd frá júní 2021 – sept. 2022
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráningar úr útinámi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að bæta skráningar úr útinámi og hengja þær upp fyrir börnin og foreldra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Taka fleiri myndir úr útinámi og gera skráningu um hvað var gert og hvert var farið. Hengja upp í sameiginlegu rými þannig að börnin geti sýnt foreldrum og sagt frá hvað var verið að gera.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September-júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Halda utan um hvert var farið og hvort gerð var skráning. Ræða um hvernig gengur með skráningarnar á deildarfundum.





10 Innra mat Sjónarhóll 2024-2025

Styrkleikar

Jóga: Jógastundir voru einu sinni til tvisvar í viku með 10 – 11 börnum í hópi eftir samveru í hádeginu og gekk það mjög vel.

Hljóðkerfisvitund: Mikilvægur þáttur í starfinu og voru skipulagðar stundir einu sinni í viku fyrir hvern hóp. Farið var yfir öll verkefni sem tengjast Hljóm-2 og kom í ljós góðar framfarir hjá þeim börnum sem fóru aftur í skimun.

Útinám: Boðið var upp á ævintýraferðir a.m.k. einu sinni í viku. Börnin höfðu mjög gaman að þessum ferðum, þau fengu stundum að ákveða sjálf hvort þau færu en stundum fór ákveðinn hópur þannig að allir færu í ævintýraferðir því það kom í ljós að það voru alltaf sömu börnin sem fóru til að byrja með.

Rólegheit í matsal og góðir borðsiðir: Við gerðum ákveðið skipulag á því hvernig matartíminn gengi fyrir sig og gekk það mjög vel og árangurinn var góður. Börnin voru fljót að læra hvernig skipulagið væri og fljótlega sættu þau sig við það að þurfa að bíða. Það var einn hópur sem fór í mat og þegar barn var búið að borða kom það með miða inn til með nafni barns og það kom þá að borða. Með því að hafa færra starfsfólk í matsal þá skapast meiri ró, börnin eru rólegri og bíða eftir hjálp og starfsmaður sinnir börnunum og leiðbeinir þeim í rólegheitum.

Tækifæri

Jóga: Börnum leið vel í jógastund og flest öll náðu að slaka á og voru virk. Dæmi um það hvort þau lærðu eitthvað af þessum stundum var að þau sögðu stundum í samverustund **anda og blása sáþukúlur** ef órói var og voru þannig að nýta sér það sem þau lærðu í jóga. Telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

Hljóðkerfisvitund: Mjög mikilvægur þáttur í daglegu starfi og þar sem ávinningur barnanna er góður er ákveðið að viðhalda þessu fyrirkomulagi og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

Útinám: Til að gera útinámið sýnilegra og geta skapað umræður um það þá þarf að bæta skráningar úr ævintýraferðum og hengja upp fyrir börnin og foreldra. Það verður til þess að börnin segja foreldrum frá og umræður skapast um það sem þau eru að gera í leikskólanum. Vegna þess að þessi þáttur varð ekki að rauveruleika setjum við það inn sem umbótaþátt næsta árs.

Rólegheit í matsal og góðir borðsiðir: Það skiptir miklu að ná ró í matsalinn, með minni hópum, færra starfsfólki í matsal skapast meiri ró og minni hávaði. Börnin lærðu að sitja kyrr og hlustuðu oft á rólega tónlist. Fengu ábendingar um almenna borðsiði s.s. nota hnífapör, skammta ekki of mikið á diskinn o.fl. Þar sem þessar aðgerðir þóttu bæði hafa ávinning fyrir börn og starfsfólk var ákveðið að viðhalda þessu fyrirkomulagi og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.





11 Umbótaáætlun 2025-2026

Deild/aldur barna	Sjónarhóll börn fædd 17.12.2019 - 09.06.2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund – „Lubbi finnur málbein“
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla læsi með því að vekja áhuga barnanna á bókstöfum og hljóðum þeirra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið með hvern staf í ákveðinn tíma samkvæmt áætlun. Unnið út frá hugmyndafræðinni „Lubbi finnur málbein“. Stafur lagður inn, hljóðið kennt og táknið fyrir stafinn, Lubbalagið sungið og örsaga lesin og unnið með stafinn út frá sögunni. Einföld verkefni og sköpun unnin með hverjum staf. Það verður gott aðgengi að skriffærum og blöðum, stafakubbum og ýmsum efnivið sem börnin geta notað til orðmyndunar.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September-maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í lok vinnu með hvern staf er síðasta verkefni barnsins að fá nokkur orð með stafnum og það á að finna viðkomandi staf í orðunum. Rýnihópur (kennarar) fara yfir hvernig gengur, aðferðir, ferli og hvort börnin séu móttækileg og virk, rætt á deildarfundum. Tekið er tillit til tvítyngdra barna og ekki sömu kröfur gerðar á börn fædd 2021 þó þau fái sömu fræðslu og þjálfun.





Deild/aldur barna	Sjónarhóll börn fædd 17.12.2019 - 09.06.2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi í víðum skilningi/„Orð eru ævintýri“ í þemavinnu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að vinna með verkefnið „Orð eru ævintýri“ í þemavinnu vetrarins.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þemavinnan skiptist í haustið - vináttan, jólin - veturinn vorið - húsdýrin. Bókin „Orð eru ævintýri“ og verkefnin verða notuð í þemavinnu. Veggspjöldin hengd upp og notuð til að tala um það þema sem er í gangi hverju sinni, bókin notuð til málörvunar og fræðslu og vinna þá með þær blaðsíður sem tengjast þemanu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rýnihópur (kennarar) ræða um á deildarfundi í lok þematímabils hvernig hafi gengið og ræða um hvort markmiði verkefnisins hafi verið náð. Var áhugi barnanna á viðfangsefninu og höfðaði það til barnanna hvernig það var sett fram.

Deild/aldur barna	Sjónarhóll börn fædd 17.12.2019 - 09.06.2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hæglæti í fataklefa
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa meiri ró og betri umgengni í fataklefanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fara með 6-7 börn í einu í fataklefan bæði þegar farið er út og inn. Gefa þeim meiri tíma og leiðbeina þeim með að ganga frá fötunum sínum og skónum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – ágúst 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum hvernig gengur og ef einhverjir einstaklingar eiga erfitt, hjálpast að til að finna ráð til að hjálpa þeim. T.d. fara með þá með einn í einu og gefa þeim allan tímann sem þeir þurfa til að læra.

Deild/aldur barna	Sjónarhóll börn fædd 17.12.2019 - 09.06.2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráningar úr „Ævintýraferðum“
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að bæta skráningar úr ævintýraferðum og hengja þær upp fyrir börnin og foreldra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Taka fleiri myndir úr ævintýraferðum og gera skráningu um hvað var gert og hvert var farið. Hengja upp í sameiginlegu rými þannig að börnin geti sýnt foreldrum og sagt frá hvað var verið að gera.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September-júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Halda utan um hvert var farið og hvort gerð var skráning. Ræða um hvernig gengur með skráningarnar á deildarfundum.





12 12 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Á þessu starfsári verða starfsþróunarsamtöl þar sem farið verður m.a. yfir styrkleika og hæfileiki, starfsanda og starfsþróun, tækifæri til vaxtar, nýsköpun og stöðugar framfarir. Deildarstjóri tekur snerpusamtöl við sína starfsmenn og sérkennslustjóri við starfsmenn sem sinna sérkennslu innan leikskólans.

Móttökuáætlun er fylgd eftir þegar nýr starfsmaður tekur til starfa í Hulduheimum og fær nýr starfsmaður nýliðafræðslu í gegnum Torgið, vefur Reykjavíkurborgar. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hefur ábyrgð á móttöku nýrra starfsmanna. Deildarstjóri er jafnframt með leiðbeinandi- og hvatningarsamtöl við nýja starfsmenn leikskólans.

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026:

- Skyndihjálpanámskeið.
- Upprifjun og fyrilestur á Náttúrulegri kennslu.
- Leikskólastjóri tekur þátt í lærdómssamfélagi leikskólastjóra á vegum SFS.
- Sérkennslustjóri tekur þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra á vegum SFS.
- Lærdómssamfélag innan leikskólans.
- Aðstoðarleikskólastjóri stundar M.T. nám í leikskólakennarafræðum.
- Leikskólastjóri er að ljúka M.Ed. námi í stjórnun menntastofnana.
- Námskeið í boði SFS. sem hentar okkar starfi og okkar vinnu við innleiðingu Menntastefnunar.
- Deildarstjórar sækja námskeið á vegum Menntafléttunar.
- Starfsmenn nýti sér TORGIÐ.
- Starfsmenn verði duglegt að sækja og leitast eftir endurmenntun.



13 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Þetta hefur verið markmið með samstarfi milli Borgaskóla, Hulduheima og Hvergilands og miðað að því að auðvelda börnum flutning af fyrsta skólastigi yfir á annað. Elstu börn Hulduheima eru flest öll væntanlegir nemendur í Borgaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er það skemmtilegt fyrir nemendur í fimmta bekk að fá það hlutverk að vera skólavinir væntanlegra nemenda í fyrsta bekk. Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í því að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru. Samstarfið við Borgaskóla hefur gengið mjög vel og gekk alveg samkvæmt þeirri áætlun sem gerð var síðasta skólaár.



Hér er áætlunin sem kom frá Borgaskóla fyrir skólaárið 2024-2025.

September:

- Pálína fer í leikskólana og kynnir sig.
Þriðjudaginn 3. september kl.9:20
- Leikskólabörnin koma að skoða skólabýgginguna og hitta skólastjóra.
Þriðjudaginn 17. september kl.9:10 skólavinir í frímínútum

október

- 5. bekkur fer í heimsókn í leikskólana að sýna skólatöskurnar sínar.
Þriðjudaginn 3. október kl. 9:00
Skólahópar koma í heimsókn í myndmennt.
miðvikudaginn 9. október kl.9:10-9:50 skólavinir í frímínútum
miðvikudaginn 16. október kl.9:10-9:50 skólavinir í frímínútum

nóvember

- Leikskólabörnin koma í heimsókn á **bókasafnið**.
mánudaginn 11. nóvember kl. 9:10-9:50 skólavinir í frímínútum
Þriðjudaginn 12. nóvember kl. 9:10-9:50 skólavinir í frímínútum
- 15. nóvember v/16. nóvember sem er dagur íslenskrar tungu þar sem 5. bekkur fer í heimsókn á Hulduheima og les fyrir alla krakkana þar (skipt niður á deildir).



janúar

- Leikskólabörnin koma í heimsókn í **saumastofuna** og hitta Pálínu og fá smá fræðslu.
Þriðjudagur 7. janúar kl. 9:30-9:50 skólavinir í frímínútum
fimmtudagur 9. janúar kl. 9:30-9:50 skólavinir í frímínútum

febrúar

- Leikskólabörnin koma í **heimilisfræði** þar sem Pálína tekur á móti þeim með verkefni.
mánudagur 3. febrúar kl. 9:10-9:50 skólavinir í frímínútum
Þriðjudagur 4. febrúar kl. 9:10-9:50 skólavinir í frímínútum

mars og apríl

- Leikskólabörnin koma í **Tónmennt** (hálfan tíma) og **Íþróttir** (hálfan tíma)
mánudagur 10. mars kl. 10:10-10:50 Byrja í frímínútum 9:50 og fara svo í tíma
ATH. allur hópurinn mætir í einu en þeim síðan skipt í tvennt eins og árin áður og þau fá
hálfan tíma í tónmennt og skipta svo yfir í íþróttir (eða öfugt).
Leikskólabörnin koma í heimsókn í **smíðastofuna** til Signýjar.
fimmtudagur 6. mars kl. 10:10-10:50 skólavinir í frímínútum
fimmtudagur 20. mars kl. 10:10-10:50 skólavinir í frímínútum

maí

- Leikskólabörnin koma í heimsókn í **fyrsta bekk**.
miðvikudagur 7. maí kl. 8:30-9:50 skólavinir í frímínútum
miðvikudagur 14. maí kl. 8:30-9:50 skólavinir í frímínútum

Heimsóknir í frístundaheimilið Hvergiland voru þrjár og fengu börnin að kynnst starfinu þar og starfsfólkinu.

Pálína sem hefur séð um samstarfið á milli leik- og grunnskóla boðaði okkur á fund í maí og tilkynnti okkur það að hún væri farin í námsleyfi og stjórnendur Borgaskóla tækju við hennar verkefnum sem snéru að samstarfinu. Enginn annar mætti á fundinn frá Borgaskóla og fengum við skilaboð um að við fengjum upplýsingar í haust um hvernig þessu samstarfi yrði háttað en það yrði skorið niður að einhverju leiti.

Við erum búin að fá **drög að dagskrá skólaársins 2025-2026** og er hún hér:

September: Vinabekkir fara í heimsókn í leikskólann, kynna sig og sýna skólatöskurnar sínar.

Leikskólabörnin fara í heimsókn og skoða skólabýgginguna og hitta skólastjórnann.

Október: Leikskólabörnin fara í heimsókn í myndmennt og textíl

Leikskólabörnin fara í heimsókn í Hvergiland.





- Nóvember: Leikskólanemendur fara í heimsókn á bókasafnið.
Á degi íslenskrar tungu koma nemendur í 5. bekk og lesa fyrir leikskólabörnin.
- Desember: Leikskólabörnin fara í heimsókn í Hvergiland.
- Febrúar: Leikskólabörnin fara með vinabekk í íþróttir.
- Mars: Leikskólabörnin fara í heimsókn í tónmennt.
- Apríl: Leikskólabörnin fara í smíðjur með 1. bekk og Hvergilandi
- Mái: Leikskólabörnin fara í kennslustund með 1. bekk.

14 Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/008, skal vrea starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír fulltrúar.
- Leikskólastjóri efur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði.

Haldnir eru fundir eftir þörfum og gefur foreldraráð umsögn með starfsáætlun fyrir lok júní ár hvert og skólanámskrá þegar við á.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans samkvæmt leikskólalögum ber skól- og frístundaráði að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Í Huldheimum er starfandi öflugt foreldrafélag sem kemur að ýmsum viðburðum eins og t.d. Sveitaferð að vori, tekur þátt í danskennslu að vori, tekur þátt í útskriftaferð elstu barnanna, vorhátíð, leiksýningu í kringum afmæli leikskólans, páskafondur, jólaskemmtu og annan glaðning. Foreldrafélag leikskólans er með sína verkefnaáætlun og heldur fundi eftir þörfum yfir skólaárið. Formaður foreldrafélagsins í samráði við stjórn þess skilar inn ársskýrslu og gjaldkeri skilar inn uppgjöri eftir hvert skólaár, yfirleitt að hausti.





Foreldrar barna í Hulduheimum er send kynning á starfi leikskólans að hausti í stað þess að boða til fundar sem hefur sýnt sig að dræm þátttaka hefur verið. Inni á heimasvæði leikskólans hjá Reykjavíkurborg er kynningarmyndband um starf Hulduheima. Foreldrasamtöl eru tvö á ári, í október og í mars/apríl og oftast ef þörf þykir og foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali við deildarstjóra eða leikskólastjóra. Það er ósk okkar að samtstarf á milli heimilis og skóla sé eins og best verður á kosið.

27. nóvember - Jólaverkstæði

14. apríl – foreldradagur, foreldrar er boðið að taka þátt í starfi okkar í Hulduheimum þennan dag.

15 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

21. ágúst – Skyndihjálpanámskeið fyrir starfsfólk leikskólans, upprifjun á Náttúrulegri kennslu

2. október – Sameiginlegur skipulagsdagur innan Reykjavík Austurs

28. nóvember - Sameiginlegur skipulagsdagur innan Reykjavík Austurs

5. janúar – Starfsmannafundur, deildarfundir og tiltekt

6. febrúar – Sameiginlegur skipulagsdagur innan Reykjavík Austurs vegna Dag leikskólans

15. apríl – Endurmat og áherslur fyrir næsta skólaár.

Leikskóladagatal 2025 - 2026											
Nafn leikskóla: Hulduheimar											
	AGÓST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Níðisdagur	1 S	1 S	1 M Skíringardagur	1 F Verkalítdagurinn	1 M
2	2 L	2 D	2 F Skipulagsdagur samningardagur	2 S	2 D	2 F	2 M	2 M	2 F Skíldagur	2 L	2 D
3	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 D	3 D	3 F Forsetisdagurinn langi	3 S	3 M
4	4 M Frídagur verðunama	4 F	4 L	4 D	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5	5 D	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M Skipulagsdagur	5 F	5 F	5 S Þakadagur	5 D	5 F
6	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 D Drottindinn	6 F	6 F	6 M Annar í Þakum	6 M	6 L
7	7 F Opnum allt rúmaliðun	7 S	7 D	7 F	7 S	7 M	7 L Dagur írlenskrar skóla	7 L	7 D	7 F	7 S
8	8 F	8 M	8 M Dagur kerfis	8 L Gullur dagur	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9	9 L	9 D	9 F	9 S	9 D	9 F	9 M	9 M	9 F	9 D	9 F
10	10 S	10 M	10 F	10 M	10 L	10 D	10 M	10 M	10 F	10 S	10 M Skólaskil grunnskóla
11	11 M	11 F	11 L	11 D	11 F Jólaball	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F
12	12 D	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 D	12 S
13	13 F	13 M	13 L	13 D	13 F	13 L	13 D	13 F	13 M	13 M	13 L
14	14 M	14 F	14 S	14 M	14 L	14 D	14 M	14 M	14 F	14 S	14 D
15	15 D	15 M	15 F	15 M	15 L	15 D	15 M	15 M	15 F	15 S	15 M
16	16 M	16 F	16 L	16 D	16 F	16 L	16 D	16 F	16 M	16 M	16 L
17	17 F	17 M	17 F	17 M	17 L	17 D	17 M	17 M	17 F	17 S	17 D
18	18 M	18 F	18 L	18 D	18 F	18 L	18 D	18 F	18 M	18 M	18 L
19	19 D	19 M	19 F	19 M	19 L	19 D	19 M	19 M	19 F	19 S	19 D
20	20 M	20 F	20 L	20 D	20 F	20 L	20 D	20 F	20 M	20 M	20 L
21	21 F	21 M	21 F	21 M	21 L	21 D	21 M	21 M	21 F	21 S	21 D
22	22 M	22 F	22 L	22 D	22 F	22 L	22 D	22 F	22 M	22 M	22 L
23	23 D	23 M	23 F	23 M	23 L	23 D	23 M	23 M	23 F	23 S	23 D
24	24 M	24 F	24 L	24 D	24 F	24 L	24 D	24 F	24 M	24 M	24 L
25	25 D	25 M	25 F	25 M	25 L	25 D	25 M	25 M	25 F	25 S	25 D
26	26 M	26 F	26 L	26 D	26 F	26 L	26 D	26 F	26 M	26 M	26 L
27	27 F	27 M	27 F	27 M	27 L	27 D	27 M	27 M	27 F	27 S	27 D
28	28 M	28 F	28 L	28 D	28 F	28 L	28 D	28 F	28 M	28 M	28 L
29	29 D	29 M	29 F	29 M	29 L	29 D	29 M	29 M	29 F	29 S	29 D
30	30 M	30 F	30 L	30 D	30 F	30 L	30 D	30 F	30 M	30 M	30 L
31	31 D	31 M	31 F	31 M	31 L	31 D	31 M	31 M	31 F	31 S	31 D





16 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P	Q	R	S	T	U	V	V	X	Y	Z	AA	AEAI	AD	AEAI	AG	AH	AI	AJ	A				
18	#	D		#	F		#	S		#	M		#	F		#	M		#	F		#	F		#	S		#	D		#	F		12	S				
19	#	M		#	L		#	M		#	F		#	L		#	M		#	F		#	F		#	L		#	M		#	L		13	M				
20	#	F		#	S		#	D		#	F		#	S		#	M		Blað dagur	#	L		#	L		#	Dagur stærðmælinu	#	D	Foreldradagur	#	F	Uppgöfningsdagur	#	S		14	D	
21	#	F		#	M	Umhverfisdagur	#	M	Nættisdagur	#	L		#	M		#	F		#	S		#	S		#	M		#	Skipulagsdagur	#	F		#	M		15	M		
22	#	L		#	D	Dagur íslenskrar náð	#	F		#	S	Dagur íslenskrar náð	#	D		#	F		#	M	Bolludagur	#	M		#	F		#	L		#	D		#	L		16	F	
23	#	S		#	M		#	F		#	M	Lubbi almæli	#	M		#	L		#	D	Spengidagur	#	D		#	F		#	S		#	M	Ljálvaliddagurinn	#	F		17	F	
24	#	M		#	F		#	L		#	D		#	F	Ræður dagur Kathóleskri menningu	#	S		#	M	Óskudagur	#	M		#	L		#	M	Umhverfisdagur	#	F		#	L		18	L	
25	#	D		#	F		#	S		#	M		#	F		#	M		#	F	Skráningardagur	#	F		#	S		#	D		#	F		#	L		19	S	
26	#	M		#	L		#	M		#	F	Dagur mannvétinda	#	L		#	D		#	F	Skráningardagur	#	F		#	M		#	M		#	L		#	L		20	M	
27	#	F	Skipulagsdagur	#	M		#	D		#	F		#	S		#	M		#	L		#	L		#	D		#	F		#	S		#	S		21	D	
28	#	F	Skólasætingi skólagættis máli deila	#	M		#	M		#	L		#	M		#	F		#	S	Konudagur - upphaf	#	S		#	M	Grænn dagur	#	F	Umhverfisdagur	#	M		#	L		22	M	
29	#	L		#	D		#	F	Blað almæli Bangadagur	#	S		#	D	Dorlákumessa	#	F	Bóndadagur - Dorra samvera	#	M	Góðu samvera	#	M		#	F	Sumardagurinn fyrsti	#	L		#	D		#	L		23	F	
30	#	S		#	M		#	F	Skráningardagur	#	M		#	M	Aðfangadagur jóla	#	D		#	D		#	D		#	F		#	S	Hvítasunnudagur	#	M		#	L	Snúðaskóli	24	F	
31	#	M		#	F		#	L	Fyrsti vetrardagur	#	D		#	F	Jóladagur	#	S		#	M		#	M		#	L		#	M	Annar Hvítasunnudagur	#	F		#	L		25	L	
32	#	D		#	F	Evrópski tungumáladagur	#	S		#	M		#	F	Annar jóla	#	M		#	F		#	F		#	S		#	D		#	F		#	L		26	S	
33	#	M	Aðlögun fyrsti hópur	#	L		#	M	Skráningardagur	#	F	Jólaþenkstæði Skipulagsdagur samtíðislegur	#	L		#	D		#	F		#	F		#	M		#	M		#	L		#	L		27	M	
34	#	F		#	S		#	D	Skráningardagur	#	F		#	S		#	M		#	L		#	L		#	D		#	F		#	S		#	S		28	D	
35	#	F		#	M		#	M		#	M	Skráningardagur	#	F		#	S		#	Pálmasunnudagur	#	M		#	F		#	M		#	L		#	L		29	M		
36	#	L		#	D		#	F		#	S		#	D	Skráningardagur	#	F		#	M	Skráningardagur	#	F		#	L		#	L		#	D		#	L		30	F	
37	#	S		#	F		#	M	Gamlársdagur	#	L		#	M		#	L		#	D	Skráningardagur	#	S		#	S		#	S		#	L		#	L		31	F	

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

F. h. leikskólans

Inga Birna Sigurðardóttir

30. júní 2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Fylgiskjal 2 – Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs Hulduheima 2025

Ritað af: Ylfu f.h. foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Hulduheima hefur móttengið og lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025-2026. Starfsáætlunin er metnaðarfull, nákvæm og helst í samræmi við einkunnarorð og stefnu leikskólans.

Innra mat leikskólans er ítarlegt og ánægjulegt að lesa svör þeirra sem tóku þátt í svörun á innramati.

Það hefði verið ánægjulegt að sjá að fleiri starfsmenn hefðu svarað könnuninni en eins og við vitum mun aukin þátttaka starfsmanna skilar sér í marktækri niðurstöðu könnunarinnar. Með áframhaldandi stuðningi leikskólastjóra og tillögum leikskólastjóra að betri svörun mun þátttaka starfsmanna í könnun næsta starfsárs án efa vera betri. Foreldraráði lýst vel á þá tillögu leikskólastjóra og starfsmenn komi með skriflega staðfestingu á því að þau hafi lokið könnuninni.

Það er leitt að ekki náðist að fá alla starfsmenn í starfspróunarviðtöl en skýringin á því er skiljanleg. Það er mjög ánægjulegt að sjá að starfsmönnum þyki starfsandinn góður og að hann sé á uppleið sem og að starfsfólkinu líði almennt vel við sín störf.

Það verður að segjast að það er ávallt gleðilegt og gaman að sjá svörun elstu barnanna í könnun þeirra á innra mati leikskólans, svörin sem ávallt eru svo einlæg og á köflum brosleg.

Það er ánægjulegt að sjá hversu margir foreldrar tóku þátt í könnuninni og að sjá hversu vel Hulduheimar koma út úr henni.

Umbótaáætlanir fyrir allar deildir Hulduheima líta vel út og það verður ánægjulegt að sjá hversu vel til tekst að fylgja þeim eftir (sem foreldraráð hefur fulla trú á að takist vel).

Samvinna Borgarskóla og Hulduheima hefur hingað til verið mjög gott og útskriftarbörn vel undir það búin að byrja í grunnskóla. Það lýtur allt út fyrir það að þessi frábæra samvinna verði ekki slakari þetta skólaárið sem er frábært.





Eins og í fyrri starfsáætlun eru áætlaðir skipulagsdagar á komandi starfsári samtals 6 heilir dagar og dreifast þeir nokkuð jafnt yfir skólaárið. Af þeim 6 áætluðum skipulagdögum eru 3 dagar sameiginlegir með öðrum leik- og grunnskólum í hverfinu.

Eins og áður sagði er starfsáætlun 2025-2026 metnaðarfull, nákvæm og í anda stefnu leikskólans. Skólaárið árið 2025-2026 mun án efa vera ánægjulegt og skemmtilegt, enda vel skipulagt með hinum ýmsum ævintýrum í bland við góða skóla dagskrá. Foreldraráð vill nota tækifærið og þakka starfsmönnum leikskólans, öllum sem einum, fyrir frábærlega vel unnin störf og góða samvinnu við foreldra. Hluti foreldraráðs segir nú skilið við Hulduheima þar sem börn þeirra útskrifuðust í vor. Minningarbanki bæði barna og foreldra útskrifaðra leikskólanemanda er fullur af góðum, gleðilegum, kátum og dýrmætum minningum frá leikskólanum enda er starfið og starfsfólkið þar ómetanlegt í alla staði.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Agnes Ísleifsdóttir
Sjöfn Óskarsdóttir
Ylfa Sigbrúðardóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Nei

Fulltrúar í foreldraráði:

Agnes Ísleifsdóttir
Sjöfn Óskarsdóttir
Ylfa Sigbrúðardóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



